

KJARVAL

- Jólin eru byrjuð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Þakkir

Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem glöddu mig með heimsóknum, skeytum, gjöfum og heillaðskum í tilefni af afmæli mínu þann 17. nóvember sl.

Þorsteinn Einarsson
(Steini frá Sólheimum)

Áður auglýstum

kynningarfundir um aðalskipulag Mýrdalshrepps sem vera átti fimmtudaginn 6. des. er frestað.

Sveitarstjóri

Aðventusamkoma
í félagsheimilinu
Leikskálum í Vík,
miðvikudagskvöldið 5.
desember nk. kl. 20:00.

VITINN á www.sudurland.net

KÍKJA Á www.sko.barnaland.is

ÆRBLANDA.

38% PRÓTEIN

65.243,- + vsk
1000 kg sekk

LÍFLAND

S:8938606

Vantar þig rafvirkja?

Tek að mér verkefni eftir samkomulagi.

Ólafur Hans Guðnason
Löggiltur rafvirki
Maríubakka, Kirkjubæjarklaustri
487-4787/ 897-4599

Fréttabúa/Vitann

vantar sárlega fréttaritari í Skaftárhreppi, þó ekki væri nema að benda okkur á eitt-hvað fréttæmt. Aðalmálið er að fá að vita um það sem er að gerast eða er á döfinni í sveitarfélaginu, nafns heimildarmanns þyrfti ekki að vera getið ef óskað er eftir nafnleynd en æskilegt væri að viðkomandi hefði starfræna myndavél. *kveðja, útg.*

47. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 5. DESEMBER 2007

SMÁAUGLÝSINGAR

Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps 2007.

Óskað er eftir tilnefningu til umhverfisverðlauna Skaftárhrepps 2007, veitt verða verðlaun annarsvegjar í þéttbýli og hinsvegjar í dreifbýli.

Kassi fyrir tilnefningarnar verður í Kjarval Klaustri til 15. des.
Hvetjum sem flesta til að taka þátt.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps.

Prjónakaffihús



verður haldið á Hótel Vík
fimmtudaginn 13. des. kl. 20.30.

Hvað erum við að fönndra fyrir jólin?
Kvenfélag Hvammshrepps

Leirbrot og Gler.

Alltaf eitthvað nýtt og fullt fullt af flottum
nytjalistmunum úr gleri. **Opið alla daga frá kl: 11 til 17.**

Fimmtudaga þ.e. 6. 13. 20. des frá kl: 17 til 22.
þá er rjúkandi kakó og jólastemming.

Á Þorláksmessu frá kl: 11 til 23.

Verið velkomin.
Guðrún Sigurðardóttir Bakkabraut 6
Leirbrotogkler.is
Símar 4871231 og 8491224.



Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

**Mánudaginn 3. desember hefst álestrartímabil af ökumælum bíla
og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur
yfir til föstudagsins 14. desember.**

Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu
frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi.

Í Skaftárhreppi verður lesið af mælum föstudaginn 7. desember.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372
Vegagerðin

Remundur

á hugahópur um uppbyggingu gönguleiða í Mýrdalshreppi
býður til opins kynningarfundar
í Leikskálum fimmtudaginn 6. desember n.k. kl. 20:00

Á fundinum verða kynntar hugmyndir um göngu- og reiðleiðir
og greint frá stöðu verkefnisins.

Forsvarsmenn

JÓLAKÚLUR - JÓLABJÖLLUR KERTASKÁLAR eru komnar í hús.

Verðum í Víkurskóla fimmtud. 6. des. frá 16,15 til 1800
Kjarval Klaustri föstud. 7. des. frá 13,30 til 16,00.

Nánari upplýsingar og pantanir hjá Höllu í s. 487 1282 eða 849 3624
og Guðnýju í s. 487 1411 eða 659 8811.

UMF Dyrhólaey

IH

ICELANDAIRHOTELS
KLAUSTUR

ELDRI BORGARAR Í SKAFTÁRHREPPI.

Sunnudaginn 9. desember verður boðið upp á jólahlaðborð fyrir heldri borgara, 60 ára og eldri á Hótel Klaustri kl. 13.00

Úrval af jólaréttum af hlaðborði. Verð kr. 2.000 pr mann.

Eftir borðhald verður spiluð félagsvist. Vegleg verðlaun.

Vinsamlegast pantið í síma hótelsins
487 - 4900 fyrir föstudagskvöldið 7. desember

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Starfsfólk - Icelandairhotel Klaustri.

AÐVENTUHÁTÍÐ Í TUNGUSELI

Annan sunnudag í aðventu 9. desember kl. 14.00 verður aðventuhátíð í félagsheimilinu Tunguseli í Skaftártungu. Ásakórinn syngur jóla- og aðventusálma. Einnig verður upplestur og börn flytja helgileik og leika á hljóðfæri og syngja.



Kaffiveitingar á eftir í boði Grafarsóknar, Langholtssóknar og Þykkvabæjarklausturssóknar.

Fjölmönnum á aðventuhátíðina
og eigum góða stund saman í Tunguseli.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur

IH

ICELANDAIRHOTELS
KLAUSTUR

SÍÐASTA JÓLAHLAÐBORÐ ÁRSINS Á HÓTEL KLAUSTRI.

*Laugardagskvöldið 8. desember verðum við með síðasta -
en ekki sísta jólahlaðborð ársins á Hótel Klaustri.*

Að venju þá verðum við á "rólegu og rjómantísku" nótonum og bjóðum upp á úrval af alls kyns girnilegum réttum s.s.

Síld og síldarsalöt, reykt bleikja, marineruð bleikja, grafið lamb, grafinn sjóbirtin-
gur, kofareyktur sjóbirtin-
gur, marinerað jólagreni, hreindýrapaté og reyktur lundi.

Kalt kofareykt hangikjöt, jólaskinka, jólapappír (fyrir grænmetisæturnar), puru-
seik, kalkúnabringa, lambalæri, laufabrauð, flatbrauð, "hjemmelavet" rúgbrauð,
jafningur, heit sósa, eplasalat, rauðkál og grænmeti ýmiss konar.

Súkkulaðikaka, ris a la mande, smákökur af fínustu sort, ótrúlega góðar sörur,
súkkulaðihúðaða músastiga og fleira nammi namm svo fátt eitt sé nefnt.

Borðhald hefst kl. 19.30

Verð pr. mann er kr. 5.400 - börn 6 til 12 ára greiða 1.500 krónur -

*Stuðboltarnir í SÆLISVEITINNI sjá svo um "sprellifandi" tónlist eftir
borðhald fyrir gesti og gangandi til kl. 02.00.*

Enginn aðgangseyrir - og ekki nóg með það, heldur verður vökvinn sem
ekki má auglýsa á sértilboði þetta kvöld - á meðan birgðir endast

Borðapantanir í síma 487 - 4900 - Nokkur sæti laus!!!

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kalli og annað starfsfólk. Icelandair hotel Klaustri.

Hótel Laki

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR!

Að bóka jólahlaðborð á Hótel Laka!

Laugardaginn 8. desember
Húsið opnar kl 19:00 með jólaglögg

Forréttir:

Humarsúpa Hornfirðingsins með Lakabrauði
Reyktur og grafinn lax
Laxa og villipaté
Vel reykt og hangið hangiket með melónu ívafi
Síldarævintýri

Aðalréttir:

Purusteik og kartöflusufflé
Hamborgarahryggur og brúnaðar
Kalkúnn með djúsi fyllingu að hætti Vestur Íslendingans
Hangiket með grænum og rauðum
Lauflett lamb
Salöt og sósur
Laufabrauð, flatbrauð, o.fl.



Eftirréttir:

Mareng draumar
Súkkulaðitrifflé
Ris a'lamande
Ostaveisla

Frjálsgleg tónlist úr héraði

Verð pr fullorðinn kr 5100
Börn kr 1500

Hlökkum til að sjá ykkur
Við öll á Hótel Laka

Borðapantanir í síma: 487 4694

Jólatrjáasala

Skógræktarfélagið Mörk auglýsir:



*Merkurfélagar verða í skógræktargirðingunni í
Stórahvammi á Fossi sunnudaginn 9. desember n.k.
frá kl. 13:00 til 15:00*

Við bekkinn í skóginum verður boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur.

Ástæðan fyrir því að við erum fyrir en venjulega með jólatrjáasöluna er sú að vöxtur trjáanna í skóginum er býsna góður og fækkar því þeim trjám um tíma sem eru af hæfilegri stærð. Ef þið eruð ekki ánægð með það sem þið finnið, er jú tími til að leita annað. Við viljum hafa alla ánægða með sín jólatré.

Teljum að ennþá sé hægt að finna nokkur jólatré í Stórahvammsgirðingunni. Verðið er kr. 2.500.-

Eftir að jólatré eru höggin geymast þau best í vatni á köldum stað.

Verið velkomin í skóginn sunnudaginn 9. desember.

Hlökkum til að hitta ykkur.

Skógræktarfélagið Mörk.

Hafið þetta í huga varðandi almenningssalerni.

Guðmundur Rúnar Guðmundsson, rannsóknarlögreglumadaur

Ástæða þessa erindis míns kemur ekki til af góðu en ég tel rétt að allir fái að vita af þessu og hafi til hliðsjónar.

Ég fór í fíkniefnaleit með hundinn minn í ónefndan verslunarkjarna og eðli málsins samkvæmt beindist sú leit mikið til að almenningssalernum sem þar eru. Það sem vakti athygli mína var það að hundurinn minn sýndi 3 klósettrúlluhöldurum áhuga og var klósettpappír inni í þeim öllum. Ég benti öryggisverðinum sem fylgdi mér á þetta og sagði hann mér að það hafi komið þó nokkrum sinnum að starfsmenn sem vinna við þrif hafi fundið notaðar sprautur og nalar á klósettunum eftir fíkniefnaneytendur og þá hafi einnig komið fyrir að áðurnefndir fíkniefnaneytendur hafi, eftir að hafa sprautað sig, stungið nálunum upp í gegn um klósettrúllurnar til að hreinsa þær og þannig skilið eftir örliða blóðbletti í ónotuðum pappírnum. Þetta vakti með mér óhug og spurningar og mér finnst rétt að þið vitið af þessu.